

Reglur vegna úthlutunar menningarstyrkja

1. Menningar- og nýsköpunaraneftnd Fjarðabyggðar veitir styrki til menningarstarfsemi.
2. Auglýst er eftir umsóknum í janúar og er umsóknarfrestur alla jafna þrjár vikur. Nefndin úthlutar styrkjum fyrir lok febrúar.
3. Markmiðið er að styðja og efla menningarstarfsemi í Fjarðabyggð.
4. Fjöldi styrkja og upphæðir ráðast af því fjármagni sem veitt er til nefndarinnar við gerð fjárhagsáætlunar á hverju ári.
5. Öllum er heimilt að sækja um í sjóðinn en verkefni verður að hafa skýra tengingu við Fjarðabyggð. Gjaldgeng eru verkefni sem fara fram í Fjarðabyggð, fela í sér kynningu á menningarstarfsemi í Fjarðabyggð eða ef umsjónarmenn eða listamenn hafa búsetu í Fjarðabyggð.
6. Ekki er styrkt til náms, reksturs og viðhalds húsnæðis.
7. Sótt er um á sérstöku umsóknareyðublaði. Umsókn skal vera vel unnin og skýr og henni skal fylgja raunhæf verk-, kostnaðar- og fjármögnumaráætlun.
8. Fjárstuðningur getur verið allt að 50% af heildarkostnaði við verkefnið. Mótframlag umsækjenda skal vera a.m.k. til jafns við greidda styrkupphæð.
9. Styrkur fellur niður fari verkefni ekki fram.
10. Styrkir eru almennt greiddir út eftir að verkefni hefur verið framkvæmt. Hafi styrkur verið greiddur fyrirfram og ekki verður af verkefni, er áskilinn réttur til að krefjast endurgreiðslu styrkjara.
11. Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir og færast ekki á milli ára nema sérstaklega sé um það samið.
12. Umsóknir er berast utan auglýsts umsóknarfrests verða lagðar fyrir fund nefndarinnar og afstaða tekin til þeirra á grundvelli fjárhheimilda hverju sinni, efnis umsóknar og tímasetninga viðburða.
13. Menningar- og safnanefnd áskilur sér rétt til að hafna umsóknum. Viðburðir sem ná til sem flestra njóta allajafna forgangs.

Fjarðabyggð 2. nóvember 2018


Karl Ottar Pétursson
bæjarstjóri

